

GRAS- OG  
TORFTEGUNDIR



Svona  
gerum  
við

# 4

## SKUGGAGRAS

**Lýsing:** Í þetta torf eru valdar sérlega skuggþolnar grassortir, sem eru auk þess áferðafallegar og fíngerðar. Rannsóknir hafa sýnt að grösin sem þola skuggann best eru smágerður tívíngull, língresi og grófari gerðir af vallarsveifgrösum. Litur torfsins er dökkgrænn grænna verður gras varla. Smárúllur og stórar rúllur eru skornar af sérræktuðum ökrum.

**Notkun:** Þetta torf hentar á skuggsælar lóðir þar sem sólar nýtur ekki nema part úr degi, þar sem áhersla er lögð á gróskumikinn gróður og góða umhirðu.

**Sláttupörf:** Best er að slá skuggagras sem næst vikulega í 4-5 sm sláttuhæð. Aldrei skal slá meir en 1/3 af heildarhæð grassins í einu.

